

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

Reykjavík, 11. september 2024
UST202405-127/K.S.G.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits - Plöntuverndarvörur á markaði - Málslok

Umhverfisstofnun vísar í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu vegna eftirlits með plöntuverndarvöru sem fyrirtækið Streymi heildverslun ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Varan Deca var skoðuð m.t.t. markaðsleyfis og merkinga, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015, reglugerð nr. 677/2021 og reglugerð nr. 415/2014. Varan uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í framangreindum lögum og reglugerðum og telst máli þessu því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir umfang eftirlitsins og voru á staðnum á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Streymi heildverslun ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, varðandi plöntuverndarvörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>